

Korn og kvörn.

I.

Orðið korn táknað vist í upp-hafi það sem er hart, eins og horn, á latinu cornu. Af korn-tegundunum er best að byrja á hveiti. Það orð mun þýða það sem er hvítt, og er þá nafnið leitt af mjölinu; hvítur er á þýsku weiss, en hveiti Weizen; enska nafnið á hveiti wheat likist mjög í framburði hvít. Öðru málum er gagna um rúg-
inn; rúgur og hrúga er vist ná-skylt; þýska orðið yfir rúg, Roggen, er vist sama orðið og hrogn. Á latinu er rúgur secale, sem þýðir það sem skorið er eða skurðhaeft, en latinu orðið yfir hveiti, triticum, þýðir mjöl, eða það sem malað er; er það forn rómverskt orð, en secale er vist búið til af scinni mönnum, og veit eg þó ekki hógu vel, hversu gamalt það orð er. Hafrar er fyrir hafrakorn, það korn sem mjög er gefið höfrum; en hafur þýðir dýrið sem hefur sig á loft, og er smá-

hvelisnaðnið höfrungur af því leit, og þýðir því nokkuð likt og stökkull. En í likingu við þetta bjó eg til orðið örnungur yfir Albatros (diomedea) þegar eg þýddi hina aðdáanlegu sögu Kiplings um hvíta selinn; en þessi fýlungsfrændi sem eg kallaði örnung, er sagður 6 fet vængbroddanna á milli, og er slik vængvidd í samræmiviðhin miklu suðurhöf, sem örnungurinn svifur yfir. En svo að eg viki aftur að korntegundunum, þá þýðir bygg vist það sem ræktað er. En nafnið sem Rómverjar gáfu bygginu, hordeum, er leitt af hinum löngu burstum, sem einkenna blómaxið.

II.

Hinir fróðustu menn telja liklegast, að kvenfólkid eigi upptökin að þeim afarþýðing-armikla. Þætti í framfarasögu mannkynsins, sem kornræktin er, en að búfjárræktin sé frá upphafi stofnuð af karlmönnum. Yrði of langt að rekja

það mál hér, en þó vildi eg í þessu sambandi ekki láta ógetið svissneskrar bókar sem heitir Der Mensch zür Eiszeit (Mannkynið á isöldu), eftir náttúrufræðinginn doktor L. Reinhardt; hefi eg lesið bæði 1. útgáfu þeirrar bókar, sem kom út 1906 og hina 4., frá 1924; þekki eg enga líkt því eins ágæta lýsingu á ævi mannkynsins, um þau hundruð þúsundir ára, sem það hafði verið til, áður en sögur hefjast. En af korninu er það að segja, að það gat lítt orðið að notum, fyr en það var malað. Var hin fyrsta mölunaraðferð mjög ófullkomin. Kvenfólkis mun það hafa verið, sem malaði. Kornið var látið á hellu og náið sundur með hnnullungi sem ekki var stærri en það að hann væri vel greiptækur. Hnnullungnum var ekki snúið í hring, og mun mjöl það sem þannig varð til, hafa verið mjög stórgert. Mylna er á latinu mola, en á grísku myle, og minnir það á að mola og mylja.

En þar kom, að stórkostleg umhót varð á mölunaraðferðinni. mjög merkileg uppfinding var gerð — eins og nú mundi að orði komist — og veit þó enginn hver gert hefir. Það sem einhverjum snillingi hugkvæmdist, var að snúa hinum myljandi steini sifelt í hring, ofan á hellunni sem malað var á. Þegar þannig var að farið, varð miðlend miklu betra, og haegt að búa til úr því betri mat. Fyrst hafa menn aðeins búið til graut, en síðan lærðu þeir að baka brauð. Það orð þýðir, ef til vill, það sem breytt er, og væri vel til fundið, svo mikill sem munurinn er á deiginu og hinu bakaða brauði. En mjög eftirtektarvert er norræna nafnið á hinni endurbættu mylnu. Hún var nefnd kvern. Það er hverfin; varð fyrst hverfn og síðan kvern og kvörn. Að hverfa er að snúa eða snúast, hverfisteinn er steinn sem snúið er. Vér þurfum ekki að vera í vandræðum með orð yfir turbine, því að slikt mætti vel nefna hverfu.

17. okt. (21. nóv.)

Helgi Pjeturss.